

ALLIR GETA SMITAST AF ALNÆMI

Lítum á nokkrar staðreyndir:

ENGIN LÆKING.

Enn hefur ekki fundist lækning við alnæmi. En við vitum hvornig sjúkdómurinn berst og hvornig hægt er að koma í veg fyrir smit.

ALLIR GETA SMITAST.

Það eru fleiri en hommar og fíkniefnaneytendur sem hafa smitast af alnæmi. Karlmenn hafa hingað til verið í meirihluta í hópi alnæmissjúklinga. En allar konur og allir karlmenn geta smitast og borið smitið áfram.

HVERNIG SMITAST ALNÆMI?

Einu líklegu leiðirnar til þess að smitast eru kynmök við smitaðan einstakling og sameiginleg notkun á sprautunál.

ALNÆMI SÉST EKKI.

Það er engin leið að sjá hvort fólk er smitað. Útlit þess og líðan getur verið í

besta lagi og það hefur sjálft ekki hugmynd um að það gangi með sjúkdóminn. Að líkindum bera nú 200–300 einstaklingar á Íslandi alnæmisveiruna. Gerum allt sem við getum til þess að stækka ekki þann hóp.

Hvað getum við gert?

NOTUM SMOKKA VIÐ SAMFARIR.

Áhættan við kynmök er engin ef báðir aðilar eru öruggir um að hafa ekki fengið veiruna. En sértu ekki viss um hinn aðilann slepptu því þá að hafa kynmök. Ef þú gerir það samt ætti karlmaðurinn skilyrðislaust að nota verjur. Það dregur mjög úr smithættu.

VÖRUMST TILVILJANAKENND KYNMÖK.

Því fleiri einstaklinga sem þú hefur kynmök við, þeim mun meiri líkur eru á að smitast. Varastu kynmök við skyndikynni. Gættu þess að áfengisneysla dregur úr varkárni fólks og þá er mun meiri hættu á tilviljunarkenndum kynmökum. Sérstök hættu er einnig af kynmökum sem kunna að særa kynfæri eða munn og þó sérstaklega endaparm. Vörumst því slík kynmök.

ENGAR ÓHREINAR SPRAUTUR.

Ef þú notar fíkniefni skaltu aldrei deila

nál eða öðrum slíkum tækjum með öðrum. Mundu að ein sprauta með óhreinni nál dugar til að smita þig af alnæmi.

VÖRUM BÖRNIN OKKAR VIÐ.

Þegar börn vaxa úr grasi hættir þeim við ýmsum tilraunum í kynlífi og neyslu fíkniefna. Brýnum hættur fyrir börnunum og kennum þeim að varast þær.

MUNUM PETTA:

Einu líklegu leiðirnar til þess að smitast af alnæmi eru kynmök og sameiginleg notkun sprautunála. Enginn hefur smitast af daglegri umgengni við þá sem bera veiruna.

NÁNARI UPPLÝSINGAR.

Þeir sem vilja fræðast meira um alnæmi og varnir gegn því og þeir sem óttast að vera smitaðir geta hringt í síma 91-622280. Farið er með öll mál sem trúnaðarmál.

Athugið að blóðsýni til mótefnaeininga eru tekin á öllum heilsugæslustöðvum. Fyllstu nafnleyndar er gætt.



Fleiri karlar en konur hafa smitast.



Ungt fólk, sem gjarnan gerir tilraunir í kynlífi og fíkniefnaneyslu, er í sérstakri hættu.



Konur geta líka fengið alnæmi og þær geta borið veiruna áfram í ófædd börn sín.